# Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| Nafn og kt. rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Starfsleyfisflokkur: |
|---|---|---|---|
| Icelandic Glacier Charr 700710-0170 | 12. sept 2017 | Ytri Tungu 880 Kirkjubæjarkl. | |
| **Tengiliður:** | **Netfang:** | **Sími:** | **Gerð stöðvar:** |
| Þórarinn Kristinsson | tungulax@internet.is | 893 3087 | Land |
| **Gildistími starfsleyfis:** | **Kvittun áfhend:** | **Viðstaddir eftirlit:** | **Fulltrúi heilbrigðiseftirlits:** |
| 7. nóv 2023 | | EKÓ SKM | |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | X | | | |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br><br>Áætlaðar breytingar? | X<br><br>X | | | Slepping<br>Taka inn hrogn í janúar 2018<br>hólar – blandaður stofn |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | | X | | |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | X | | |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | X | | |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | | X | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | X | |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | | | X | |
| Er neyðaráætlun til staðar? | | X | * | |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | | | X | |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | X | | | Eru með hefti sem var notað 2010 og 2012 en það er handfóðrað núna |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br>Mælingar eða útreikningar?<br>Síðustu mælingar? | | X<br>X<br>X | *<br>*<br>* | |
| Ástand frárennslis (landeldi).<br>Eru set eða útfellingar?<br>Olía eða froða?<br>Sorp eða aðrir aðskotahlutir?<br>Hitaupgufun frá frárennsli?<br>Er óeðlileg lykt?<br>Er fiskur í frárennsli? | | | | Ekkert um fóðurleyfar en fiskur í frárennsli vegna sleppingar en hefur verið fjarlægður að mestu |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh.<br>Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | | | | Settjarnir sjá teikningu PK |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | | | | |

Matvælastofnun

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfi sjókvía.<br>Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?<br>Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu? | | | | |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | | | | |
| Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi? | | | | |
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar? | | | | |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | | | | |
| Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | | X | | Grafinn á lóð<br>→ sumar 4-5t.<br>Gámasvæði upb 800-1t<br>dauðfiski safnað daglega |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | | X | | er ekki með vöktunaráætlun |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | | X | | |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | X | | |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi?<br>Hver sér um mælingarnar? | | X | | engin vöktunaráætlun |

| | |
|---|---|
| **Niðurstöður síðasta eftirlits:** Frávik frá gr. 2.4 v. úrgangs | |
| **Samantekt:** | Þarf að fjarlægja úrgang af lóð og viðurkenndan urðunarstað.<br>Formalíntunna á lóð |
| **Frávik** | • innra eftirlit ekki í samræmi v. 3.1<br>• vantar viðbragðsáætlanir og áhættumat<br>• vantar neyðaráætlun<br>• vantar mælingar/skráningar á fóstör<br>• frágangur dauðfisk- urðað á lóð<br>• vantar vöktunaráætlun |
| **Athugasemdir** | |
| **Annað** | Slepping varð í stöð í ágúst sl. málið er í vinnslu hjá MAST |

*Undirskrift eftirlitsmanns:* Erna Karen Óskarsdóttir

[illegible signature]

# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Icelandic Glacier Charr ehf. Ytri Tungu**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 12.9.2017 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Fyrirtæki** | Icelandic Glacier Charr ehf. | **Eftirlitsmaður** | Erna Karen Óskarsdóttir |
| **Heimili** | Ytri Tunga | **Tegund eftirlits** | Framselt eftirlit |
| **Kennitala** | 700710-0170 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Þórarinn Kristinsson | **ÍSAT nr.** | 03.22.0 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlit er varða förgun úrgangs á lóð, skráningu á losun efna út í umhverfið, að viðbragðs- og neyðaráætlun er ekki til og að engar skráningar eru haldnar um starfsemi stöðvarinnar hvað mengandi þætti varðar. Ein athugasemd er gerð við að engin vöktunaráætlun er til fyrir stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.
Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Í síðasta eftirliti kom fram frávik er varðar að dauðfiskur hafði verið grafinn á lóð rekstraraðila. Skv. tölvupósti frá rekstraraðila þann 28. des sl. verður allur dauðfiskur hér eftir urðaður á urðunarstað Skaftárhrepps. Í eftirlitinu kom hins vegar í ljós að um 4-5 tonn af dauðfisk voru grafin á svæðinu nú í sumar en um 0,8 – 1 tonn var flutt á gámasvæðið. Ljóst er því að rekstraraðili hefur ekki staðið við það sem áður hafði komið fram í tölvupósti. Umhverfisstofnun fer fram á það við rekstraraðila að hann fjarlægi allan þann úrgang sem urðaður hefur verið á lóð rekstraraðila og færi það yfir á viðurkenndan urðunarstað hið fyrsta. Minnt er á að kvittanir vegna urðunar þurfa að vera aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirlitum.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|---|---|
| Gr. 2.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. | Beita skal bestu fáanlegri tækni við meðhöndlun úrgangs og stefna að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar.<br>Rekstraraðili urðar dauðfisk á eigin landi en það er óheimilt, sé ekki um viðurkenndan urðunarstað að ræða. |
| Gr. 1.4 og 2.2 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. | Skrá skal losun efna út í umhverfið og skal rekstraraðili tryggja umhverfisvernd, t.d. með því að fylgjast með ástandi eldisvatns og eldisbúnaðar. Engar mælingar hafa verið gerðar á frárennslisvatni stöðvarinnar og ekki er fylgst með ástandi eldisvatns. |
| Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. | Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur. Engin viðbragðs- né neyðaráætlun er til fyrir stöðina. |
| Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. | Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og umhverfis- og rekstrarþáttum tengdum þeim. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um þau atriði er tilgreind eru í gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila í |

eftirlitum. Engar skráningar eru til varðandi þau atriði er tilgreind eru í gr. 1.4.

**ATHUGASEMDIR**

Gerð er athugasemdi við að ekki er til vöktunaráætlun fyrir stöðina en æskilegt er að hún sé til staðar.

**ANNAÐ**

Slepping varð í stöðinni í ágúst sl. og er málið í vinnslu hjá MAST.

Viðstödd eftirlitið var einnig Soffía Karen Magnúsdóttir frá MAST.

09.10.2017

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir